

Reglur um Endurmenntunarsjóð grunnskóla

1. gr.

Hlutverk Endurmenntunarsjóðs grunnskóla er að veita styrki til endurmenntunar grunnskólakennara. Sjóðurinn starfar sem sjálfstæð deild undir stjórn Námsleyfasjóðs.

2. gr.

Í fjárlögum ár hvert er ákveðið framlag til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, sem úthlutað er samkvæmt reglum þessum til þeirra sem hyggjast standa fyrir endurmenntun fyrir kennara og stjórnendur í grunnskólum, þar á meðal háskóla, skólaskrifstofa, sveitarfélaga, skóla, félaga, fyrirtækja og annarra, sem bjóða endurmenntun fyrir kennara og stjórnendur í grunnskólum. Sjóðurinn veitir ekki fé til ferða og upphalds vegna endurmenntunar.

3. gr.

Stjórn Námsleyfasjóðs metur umsóknir um framlög úr sjóðnum og tekur ákvörðun um úthlutun.

4. gr.

Stjórn Námsleyfasjóðs auglýsir eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum. Umsóknir skulu berast til stjórnar sjóðsins ásamt upplýsingum um fyrirhugaða fræðslu.

Sjóðstjórn getur auglýst eftir aðilum til að taka að sér endurmenntun á sérstökum forgangssviðum.

5. gr.

Við mat á umsóknum skal miða við að:

- a. endurmenntunartilboð mæti þörfum grunnskólans
- b. skólastefna og aðalnámskrá sé höfð að leiðarljósi
- c. sveitarfélögum og skólum sé ekki mismunað
- d. kröfur um fagmennsku og gæði séu uppfylltar

6. gr.

Stjórn Námsleyfasjóðs gerir samning við styrkhafa um þau endurmenntunarverkefni sem fé er veitt til úr sjóðnum þar sem fram kemur m.a. lýsing á markmiðum og fyrirhugaðri framkvæmd og hvernig greiðslum skuli háttáð.

7. gr.

Stjórn Námsleyfasjóðs getur sett nánari starfsreglur um starfsemi sjóðsins og skulu þær vera aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

8. gr.

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af bráðabirgðaákvæði II við lög um grunnskóla nr. 91/2008 og öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi stjórnar Námsleyfasjóðs 14. janúar 2010